

Landsyfrrjettardómar 1898.

Mánudaginn 17. janúarmánaðar.

Nr. 18/1897:

Landssjóðurinn

gegn

Þiðriki Þorsteinssyni, Þuríði Jóns-
dóttur og sýslumanni Sigurði
Þórðarsyni.

D ó m u r :

Með hæstarjettardómi, uppkveðnum 31. maí 1895, var Þiðrik bóndi Þorsteinsson og stjúpdóttir hans Guðrún Sigurðardóttir dæmd til refsingar fyrir blóðskömm eptir 164. gr. í alm. hegningarlögum 25. júní 1869, og til þess in solidum að greiða allan sakarmálskostnaðinn. Kostnaður þessi var samtals 751 kr. 90 a. Með brjefi dags. 27. júlí 1895 lagði amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu fyrir sýslumanninn í Mýra- og Borgartjardarsýslu að fullnægja hæstarjettardóminum bæði að því er hegningu og málskostnað snerti, og þessa skipun sína ítrekaði amtmaðurinn með brjefum til

sýslumannsins, dags. 11. nóv. 1895 og 27. maí 1896. Þiðrik og Guðrún höfðu tekið út refsinguna, hann 20. maí 1896, en hún 4. ágúst s. á. En það var eigi fyr en 18. febr. f. á. (1897), að sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gjörði tilraun til þess að ná inn málskostnaðinum hjá hinum dómfelldu. Að heimta hann inn hjá hinni dómfelldu Guðrúnu kom eigi til mála, þar eð hún var aleignalaus meðgjafarómagi, eptir því sem frá er skýrt í málinu. Sýslumaðurinn sneri sjer því með málskostnadarkröfuna að Þiðriki Þorsteinssyni, setti fógatarjett að heimili hans Háafelli hinn 18. febr. f. á., en þar hafði Þiðrik búið um 30 ár með Þuríði Jónsdóttur, er hann hafði gengið að eiga 11. okt. 1867, og hafði hann öll þessi ár verið talinn fyrir búinu og eigandi þess. Fyrir fógatarjettinum komu þó fram mótmæli af hálfu Þuríðar Jónsdóttur gegn því, að fjárnám væri gjört í búinu fyrir málskostnaðinum, með því að hún ein væri eigandi þess, en Þiðrik ætti ekkert í því; hjúskapur þeirra hefði frá upphafi verið algjörlega ólöglegur og ógildur, og fjárlag hefði aldrei gjörzt milli þeirra, en hún hefði verið ein eigandi að búinu, þegar þau Þiðrik tóku saman. Fógetinn tók þessi mótmæli til greina, fjellst á það, að Þiðrik ætti ekkert í búinu og úrskurðaði, að eigi skyldi ganga að búi Þuríðar til lúkningar sakamálskostnaðinum. Þessum úrskurði fógatarjettarins, uppkveðnum 18. febr. f. á., hefir af hálfu landssjóðsins verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 12. apríl f. á., og hefir þess verið krafizt af hálfu áfrýjanda, að fógetaúrskurðurinn verði felldur úr

gildi, og fógetinn skyldaður til að fremja hina umræddu fjárnámsgjörð, að fógetinn, sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Sigurður Þórðarson, verði látinn sæta sektum fyrir drátt og aðra meðferð á málinu, og að hin stefndu verði dæmd til að greiða allan málskostnað að skaðlausu eða eptir mati rjettarins.

Þiðrik Þorsteinsson og Þuríður Jónsdóttir hafa eigi mætt nje látið mæta fyrir yfirdóminum í máli þessu, en fógetinn Sigurður Þórðarson hefur látið mæta, borið fram vörn fyrir sig, og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður í málinu, og að áfrýjandi verði skyldaður til að greiða honum nægilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Fógetinn rökstyður úrskurð sinn á þá leið, að það sje augljóst, að hæstarjettardómurinn 31. maí 1895 sje byggður á því, að með því að sannad sje, að Þiðrik Þorsteinsson hafi framið holdlegt samræði við Guðrúnu Sigurðardóttur, dóttur Þuríðar Jónsdóttur, áður en hann gekk að eiga Þuríði, þá sje hjónaband þeirra Þiðriks og Þuríðar stofnað í meinum og því í sjálfu sjer ógilt án skilnaðardóms eða annars ógildingargjörnings, og af þessu leiði aptur að fjárlag hafi aldrei gjörzt með þeim Þiðriki og Þuríði, en hún hafi frá öndverðu átt bú þeirra allt og eigi það því enn. Yfirdómurinn getur þó eigi fallizt á þessa röksemdaleiðslu. Orð hæstarjettardómsins, sem að þessu lúta — en dómurinn er eingöngu refsingardómur —, eru svo látandi: »Nú hefur ákærða Guðrún eptir uppsögn yfirjettardómsins skýrt frá

því, að þau Þiðrik hafi, jafnvel áður en hann giptist móður hennar, haft holdlegt samræði saman, og með því að *eptir atvikum verður að leggja skýrslu þessa, þó henni sje neitað af Þiðriki, til grundvallar, þegar metin er sekt beggja hinna ákærðu*, þykir rjett að ákveða refsingu þeirra að eins samkvæmt 164. gr. hinna íslenzku hegningarlaga. Hjer er það beint tekið fram, að að eins sje dæmt um »sekt«, ɔ: refsingarabyrgð, Þiðriks og Guðrúnar, eptir þessari skýrslu hennar, sem Þiðrik hafði neitað að væri rjett. Það verður því eigi byggt á þessum hæstarjettardómi, að þau Þiðrik og Þuríður hafi aldrei verið í hjúskap, nje heldur að hjúskapur þeirra hafi eigi haft hin venjulegu áhrif að lögum á fjárlag þeirra. Eins og áður er tekið fram, voru þau Þiðrik og Þuríður gefin saman í hjónaband 11. okt. 1867, og hata síðan lifað í hjónabandi, og hefur venjulegt hjúskaparfjárlag verið með þeim.

Með því að fógetinn rökstuddi synjunarúrskurð sinn að eins með þessari einu ástæðu, sem nú hefur verið athuguð og eigi þykir lögmæt, verður að fella úr gildi hinn áfrýjanda fógetarjettarúrskurð, og leggja fyrir sýslumanninn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að framkvæma fjárnám fyrir málskostnaðinum í fjármunum Þiðriks og Þuríðar, eptir kröfu áfrýjanda.

Hinn stefndi sýslumaður og fógeti hefur að vísu dregið það mjög lengi og frekar en mátti vera, að framkvæma skipun amtsins um fullnæggingu hæstarjettardómsins. En með tilliti til þess, að hann hefur mjög ítarlega gjört grein fyrir og

afsakað drátt þennan bæði fyrir amtinu og fyrir þessum rjetti, og með því að hann einnig virðist hafa gjört nægilega tímanlega ráðstafanir til þess, að tryggja rjett landssjóðs, með því að kyrsetja meiri hluta jarðarinnar Háafells, eign Þiðriks og Þuríðar, þegar hinn 10. nóv. 1892, og var kyrsetningargjörðinni þinglýst 18. maí 1895 — þykir eigi nægileg ástæða til að sekta hann fyrir meðferð hans á máli þessu.

Eptir þessum úrslitum málsins verða öll hin stefndu að endurgjalda landssjóði allan kostnað málsins að skaðlausu, og skulu þau greiða hann in solidum.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetarjettarúrskurður skal vera ógildur. Sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu ber að gjöra fjárnám fyrir málskostnaði eptir hæstarjettardómi, uppkveðnum 31. maí 1895, í fjármunum Þiðriks Þorsteinssonar og Þuríðar Jónsdóttur.

Hin stefndu Þiðrik Þorsteinsson, Þuríður Jónsdóttir og Sigurður sýslumaður Þórðarson greiði landssjóði in solidum allan kostnað máls þessa að skaðlausu, og skal greiða kostnaðinn, áður 8 vikur sjeu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.